

Reglur um Ungmennaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar

sbr. lög nr. 70/2007

1. gr.

Hlutverk Ungmennaráðs er

- að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í Sveitarfélaginu Skagafirði.
- að gera tillögur til félags- og tómstundaneftndar og sveitarstjórnar um hvernig best væri að standa að forvarnarmálum ungmenna.
- að leggja fram tillögur um það hvernig æskilegt væri að haga starfsemi stofnana sveitarfélagsins.
- að gera tillögur um þátttöku ungmenna í viðburðum á vegum sveitarfélagsins.

2. gr.

Félags- og tómstundaneftnd skipar Ungmennaráð að fengnum tillögum frá eftirtöldum aðilum:

- Nemendafélag Árskóla skipar tvo fulltrúa og tvo til vara.
- Nemendafélag Varmahlíðarskóla skipar einn fulltrúa og einn til vara.
- Nemendafélag Grunnskólans austan Vatna skipar einn fulltrúa og einn til vara.
- Nemendafélag Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara.
- UMSS tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
- Við tilnefningar í ráðið skulu stofnanir/félög leitast við að kynjaskipting sé jöfn.
- Tilnefning í ráðið skal gilda frá 1. október til eins árs í senn.

Meðlimir Ungmennaráðs skulu hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði og vera á aldrinum 14-20 ára. Ráðið kys sér sjálft formann, varaformann og ritara.

3. gr.

Ungmennaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungmenna í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks í sveitarfélaginu. Til þess að svo megi verða getur Ungmennaráð t.a.m. staðið fyrir opnum fundum, ungmennapingum og öðrum viðburðum sem eru líklegir til að draga fram sjónarmið ungs fólks í sveitarfélaginu.



4. gr.

- Ungmennaráð fundar 4 sinnum yfir skólaárið á skipunartíma og skal leitast við að fundartími falli að akstri Frístundastrætós til og frá Sauðárkróki.
- Dagskrá funda er ákveðin af formanni Ungmennaráðs í samráði við forstöðumann frístunda- og íþróttamála og send út með tveggja vikna fyrirvara.
- Félags- og tómstundanefnd og Ungmennaráð skulu halda sameiginlegan fund tvisvar á skipunartíma Ungmennaráðs en oftast ef þurfa þykir. Ungmennaráð skal funda einu sinni á skipunartíma sínum með sveitastjórn.
- Kostnaður vegna starfsemi Ungmennaráðs greiðist úr sveitarsjóði, fer samkvæmt fjárhagsáætlun og er háður samþykki sviðsstjóra / forstöðumanni frístunda- og íþróttamála.
- Ungmennaráð skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála.
- Fundir Ungmennaráðs skulu skráðir og skal fundargerð send til félags- og tómstundanevndar. Fundargerðir Ungmennaráðs skulu vera opinberar og aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Um starfshætti Ungmennaráðs fer samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins eftir því sem við á.
- Forstöðumaður frístunda- og íþróttamála er tengiliður Ungmennaráðs við stjórn sveitarfélagsins og félags- og tómstundanevnd. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar í málum sem ráðið tekur til umfjöllunar.

5. gr.

Reglur þessar gilda frá 25. mars 2015

Samþykkt á fund Félags- og tómstundanevndar 3. mars 2015

Samþykkt á fundi sveitastjórnar 25. mars 2015

Skagafirði, 1. apríl 2015